

# Listabarn mánaðarins

Elisabeth Anisimow (f.2007)

Elisabeth Anisimow hefur einstakan hæfileika til að sameina ímyndunarafl í raunveruleika með list sinni. Hún málar falleg listaverk og vakti mikla athygli fyrir verkin sín þegar hún var aðeins sjö ára



Listaverk Elisabeth eru sannarlega heillandi og hefur hún vakið heimsathygli í gegnum list sína

Frístundalæsi

# Listabarn mánaðarins

Advait Kolarkar (f.2014)

Advait Kolarkar er listamaður frá Indlandi. Hann var aðeins tveggja ára þegar hann gat greint mismunandi litbrigði af bláum, sem er nánast ómögulegt fyrir lítið barn



Advait er yngsti listamaðurinn til að koma fram í ArtExpo í New York og hefur heillað marga með listrænum hæfileikum sínum




**Fristundalæsi**



# Listabarn mánaðarins

Kieron Williamson (f.2002)



Kieron byrjaði að mála þegar hann var sex ára og hefur fengið góðan stuðning frá móður sinni síðan hann hóf listamannaferil sinn

Móðirin skrifaði nýlega ævisögu um unga málarann

Kieron Williamsson seldi 24 málverk á 15 mínútum fyrir um það bil 50 milljónir þegar hann var aðeins níu ára





# Listabarn mánaðarins

Aelita Andre (f.2007)



Aelita Andrei hélt sína fyrstu listasýningu 22 mánaða gömul og var yngsta smábarnið á listasýningunni til að selja málverk

Henni finnst gaman að skvetta málningu úr fötu og kasta glimmeri um allt listaverkið

Aelita hefur verið kölluð prinsessa undrabarnanna

**Fristundalaesi**



# Listabarn mánaðarins

Iris Grace Halmshaw (f.2009)



Iris Grace er einhverf stúlka sem sló í gegn í listaheiminum aðeins fimm ára með sínum óvenjulega hæfileika með málningarpensil

Málverk Irisar hafa selst til listasafnara í Bretlandi og um allan heim, hvert fyrir um 180.000 krónur



Allur ágóði af sölu listaverka Irisar fer í listaefni og meðferðir, iðjupjálfun, talpjálfun og jóga

**Frístundalæsi**

# Listabarn mánaðarins

Hamzah Marbella (f.2001)



Hamzah Marbella varð yngsti meðlimur Listamannasamtaka Filippseyja þegar hann var átta ára

Hamzah byrjaði að mála tveggja ára, tók þátt í málningakeppnum fjögurra ára og hafði unnið 50 verðlaun þegar hann var átta ára



Nokkur listaverk eftir Hamzah er hægt að finna í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York

**Frístundalæsi**



# Listabarn mánaðarins

Wang Yani (f. 1975)

Wang Yani er kínverskur listamaður  
sem byrjaði að mála tveggja ára

Listaverk hennar voru sýnd í Kína þegar hún var fjögurra ára.  
Þegar hún var átta ára voru verk hennar komin á frímerki og voru sýnd á  
einkasýningu á safni í London þegar hún var fjórtán ára



Það var í miklu uppáhaldi hjá Wang að mála apa, bávíana og ketti



Frístundalæsi

# Listabarn mánaðarins

Akiane Kramarik (f. 1994)



Akiane Kramarik byrjaði að teikna fjögurra ára,  
fór að mála sex ára og skrifa ljóð þegar hún var sjö ára

Hún hefur mikla listagáfu og kom fram í frægum sjónvarpsþætti  
Oprah Winfrey tíu ára



Foreldrar hennar voru trúlausir en tóku upp kristna trú  
þegar þeir sáu trúarsýn barnsins síns málaða á striga



# Listabarn mánaðarins

Josh Tiessen (f. 1995)



Kanadíski unglingurinn Josh Tiessen  
hélt sína fyrstu myndlistarsýningu aðeins ellefu ára

Síðan þá hefur Josh haldið 15 sýningar,  
selt yfir 50 listaverk og yfir 100 eftirprentanir  
og opnað sitt eigið gallerí, Josh Tissen Studio Gallery





**Frístundalæsi**

# Listabarn mánaðarins

Kareem Waris Olamilekan (f.2006)



Kareem Waris hefur ótrúlega hæfileika til að tjá tilfinningar í gegnum málverk sín



Aðeins 12 ára tókst Kareem að gera mjög raunsæ listaverk sem urðu þekkt um allan heim

**Fristundalæsi**